

SAMÞYKKT

um hundahald í Mosfellshreppi.

1. gr.

Hundahald er bannað í Mosfellshreppi, nema á lögbýlum.

2. gr.

Sveitarstjórn er heimilt að veita lögráða einstaklingum, búsettum í hreppnum undanþágu til hundahalds með eftirfarandi skilyrðum:

- a) Hundurinn skal skráður á skrifstofu hreppsins, og þar fær eigandi hundsins afhenta merkta plötu, sem skal jafnan vara í ól um háls hundsins.
- b) Árlega skal sveitarsjóði greitt leyfisgjald fyrir þá hunda, sem undanþága er veitt fyrir. Hreppsnefnd ákveður árlega upphæð gjaldsins í sérstakri gjaldskrá, sem heilbrigðismálaráðherra staðfestir. Upphæð gjaldsins skal miðuð við þann kostnað, sem hlýst af eftirliti með hundum í hreppnum.
- c) Skylt er hundeiganda að hafa hund sinn ábyrgðartryggðan hjá viðurkenndu váttryggingafélagi. Ábyrgðartrygging er innifalin í árlegu leyfisgjaldi.
- d) Hundurinn skal aldrei ganga laus á almannafæri, heldur vera í taumi í fylgd með aðila, sem hefur fullt vald yfir honum. Eigi er leyfilegt að fara með hunda inn í skóla, samkomuhús, sundstaði, barnaleikvelli, matvöruverslanir eða aðra opinbera staði, þar sem matvæli eru um hönd höfð. Á almannafæri er leyfishafa skylt að fjarlægja saur eftir hunda sína, á tryggilegan hátt.
- e) Leyfi fyrir einstökum hundum, er jafnan háð því, að þeir raski eigi ró íbúa hreppsins, og séu hvorki þeim né öðrum, sem um hreppinn fara til óþæginda m. a. með tilliti til hávaða, óþrifnaðar, eyðileggingar verðmæta eða slysaþattu.
- f) Ef sótt er um leyfi til að halda hund í sambýlishúsi, skal skriflegt samþykki sameigenda/stjórnar húsfélags í húsinu fylgja umsókn.
- g) Hundar skulu færðir árlega til hreinsunar, um hreinsun þeirra og gjald fyrir hana fer eftir reglugerð um varnir gegn sulluveiki nr. 201/1957.
- h) Eigendur hunda, sem eru smitberar eða grunaðir um að vera smitberar, er skylt að hlíta því, að hundar þeirra séu rannsakaðir, verði þess óskað af heilbrigðisfulltrúa, lækni eða dýralækni.
- i) Hundar, sem notaðir eru við búrekstur í hreppnum, eru undanþegnir leyfisgjaldi (sbr. lið b). Um þá gilda að öðru leyti önnur ákvæði þessarar greinar.

3. gr.

Hundaeftirlitsmaður skal vera starfandi í Mosfellshreppi. Skal hann gefa sveitarstjórn og heilbrigðisnefnd árlega skýrslu um hundahald í Mosfellshreppi og starf sitt, vegna þess.

4. gr.

Hættulega og óleyfilega hunda og þá hunda, sem ganga lausir utanhúss, skal handsama og færa í þar til gerða hundageymslu, á kostnað eigenda þeirra. Tilkynna skal eigendum strax um handsömun þeirra. Heimilt er að lóga hættulegum hundum þegar í stað, af þar til kvöddum yfirvöldum.

Vitji eigendur hunda, sem þannig eru teknir ekki þeirra innan 10 daga frá handsömun eða greiði af þeim áfallinn kostnað, skal aflífa hundana.

5. gr.

Sveitarstjórn er heimilt, hvenær sem er að afturkalla leyfi fyrir einstökum hundum eða öll veitt leyfi, telji hún þess þörf.

6. gr.

Brot gegn samþykkt þessari eða gegn reglum, sem settar verða skv. henni, varða sektum, nema þyngri refsing liggji við að lögum.

7. gr.

Með mál út af brotum á samþykkt þessari, eða reglum, sem settar eru skv. henni, skal farið sem opinber mál.

8. gr.

Ofangreind samþykkt sveitarstjórnar Mosfellshrepps, staðfestist hér með skv. lögum nr. 109/1984 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit og 1. gr. laga nr. 7/1953 um hundahald og varnir gegn sullaveiki til þess að öðlast gildi þegar í stað. Jafnframt fellur úr gildi samþykkt um hundahald í Mosfellshreppi.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 3. maí 1985.

F. h. r.

Páll Sigurðsson.

Ingimar Sigurðsson.

GJALDSKRÁ

vegna hundahalds í Mosfellshreppi fyrir árið 1985.

1. gr.

Gjald fyrir að halda hund í Mosfellshreppi sbr. 2. gr. samþykktar um hundahald í Mosfellshreppi dags. 3. maí 1985 skal vera kr. 2 500 fyrir árið 1985.

2. gr.

Handsömunargjald verður sem hér segir:

1. sinn kr. 500.00

2. sinn kr. 800.00

3. sinn, þyngri viðurlög sbr. lög nr. 109/1984.

3. gr.

Ofangreind samþykkt sveitarstjórnar Mosfellshrepps, staðfestist hér með samkv. 22. gr. laga nr. 109/1984 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 3. maí 1985.

F. h. r.

Páll Sigurðsson.

Ingimar Sigurðsson.